

Föstudaginn 11. marz 1966.

Nr. 24/1965. **Vátryggingafélagið h/f**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Jóhanni Karlssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Húftrygging bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. janúar 1965 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefnda og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi, sem búsettur var í Hveragerði, fól á miðju ári 1962 Baldri Garðarssyni, Lönguhlíð 23, Reykjavík, að varðveita bifreið sína, X 208, og sýna hana mönnum, sem kynnu að hafa áhuga á að kaupa hana og bílasalar vísuðu til hans. Mjög árla dags 13. júlí 1962 tók Baldur Garðarsson, þá ofurölvi, bifreiðina og ók henni. Lauk þeim akstri við Rauðavatn, þar sem bifreiðin hentist út af veginum og eyðilagðist. Leggja verður til grundvallar í máli þessu skýrslu þeirra stefnda og Baldurs Garðarssonar um það, að Baldur hafi einungis átt að sýna bifreiðina áhugamönnum um bifreiðar kaup og leyfa þeim að aka henni til reynslu, en eigi mátt aka henni í einkaerindum. Ekkert liggur fyrir um það í málinu, að stefndi hafi fyrirfram mátt ætla, að Baldri væri eigi trúandi til að fara með bifreiðina, eins og til var ætlazt. Að framangreindum málavöxtum athuguðum þykja ákvæði 18. og 20. gr. laga nr. 20/1954, sbr. 34. gr. sömu laga, leiða til þess, að áfrýjandi eigi að bæta stefnda bifreið-

artjónið. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vátryggingafélagið h/f, greiði stefnda, Jóhanni Karlssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. nóvember 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., hefur Jóhann Karlsson, Hveragerði, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 5. nóvember 1963, gegn Vátryggingafélaginu h/f í Reykjavík og Baldri Garðarssyni, Lönguhlíð 23 í Reykjavík, til greiðslu in solidum á kr. 85.000.00 með 7% ársvöxtum frá 13. júlí 1962 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndu hafa hvor um sig krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans.

Málsatvikum lýsir stefnandi á þá leið, að hann hafi haft bifreið sína, X 208, til sölu hjá fleiri bílasölum. Af þeim sökum hafi hann tekið þann kost að hafa bifreiðina í vörzlu stefnda Baldurs og gætu þá bílasölnurnar vísað væntanlegum kaupendum til hans til að skoða og reyna bifreiðina. Hafi hann fengið stefnda Baldri lykla bifreiðarinnar í þessu skyni og hafi hann ætlað til af honum, að hann leyfði væntanlegum kaupendum að skoða og reyna bifreiðina, en honum sjálfum hafi verið óheimill akstur hennar í einkaerindum. Aðfaranótt 13. júlí 1962 hafi stefndi Baldur ekið bifreiðinni út úr borginni og hafi hann verið ölv-aður við aksturinn. Hafi hann ekið út af veginum í beygju við Rauðavatn og hafi bifreiðin við það geryðilagzt. Hafi flak hennar verið selt fyrir kr. 5.000.00 og hafi öll sú fjárhæð farið til greiðslu flutnings- og geymslukostnaðar á flaki bifreiðarinnar. Bifreiðin hafi verið húftryggð hjá stefnda, Vátryggingafélaginu h/f, fyrir kr. 85.000.00. Hafi bifreiðin nýverið ársskoðuð og þá reynzt vera í fullu lagi.

Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 17. júlí 1962 skýrði stefndi Baldur svo frá, að hann hafi átt að sýna væntanlegum kaupendum bifreiðina. Hafi hann haft lykla bifreiðarinnar og hafi hún staðið heima hjá honum. Hins vegar hafi hann ekki haft leyfi til að aka bifreiðinni sjálfur. Kvaðst hann ekki hafa notað bifreiðina áður en í hér umrætt sinn, enda hafi hann átt bifreið sjálfur ásamt bróður sínum. Umræddan dag og fram eftir nóttu hafi hann neytt áfengis. Hann kveðst ekki geta gert sér grein fyrir því, hvers vegna hann hafi tekið bifreiðina, en honum datt helzt í hug sú skýring, að það hafi verið vegna þess, að rann hafi borið lykla hennar á sér.

Stefnandi byggir kröfu sína í málinu á hendur Vátryggingafélaginu á því, að bifreiðin hafi verið húftryggð hjá félaginu. Samkvæmt 6. gr. vátryggingarskilmálanna beri félaginu að bæta vátryggingartaka tjón það á bifreiðinni, sem orsakast af veltu, sé henni stolið eða rænt. Eigi það einnig við um nytjastuld, en í hér umræddu tilviki hafi stefndi Baldur tekið bifreiðina í heimildarleysi.

Krafa stefnanda á hendur stefnda Baldri er byggð á almennum reglum skaðabótaréttarins.

Stefndi Vátryggingafélagið h/f styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefndi Baldur hafi verið löglega að bifreiðinni kominn, þar sem hann hafði umráð og vörzlu hennar. Það sé því fjarri lagi, að stefndi Baldur hafi stolið bifreiðinni eða rænt henni. Í annan stað er sýknukrafan á því byggð, að tjónið á bifreiðinni hafi orðið, er hún var í láni, en skv. c lið 10. gr. vátryggingarskilmálanna undanskilur félagið sig ábyrgð við slíkar aðstæður. Í þriðja lagi er sýknukrafan á því byggð, að stefndi Baldur hafi valdið tjóninu með því að aka bifreiðinni ölvaður, en 10. gr. vátryggingarskilmálanna undanskilur félagið ábyrgð, er svo er ástatt. Það ákvæði eigi við, hvort sem eigandinn ekur bifreiðinni sjálfur eða annar, sem löglega er að henni kominn.

Varakrafa Vátryggingafélagsins er á því byggð, að stefnandi eigi að bera hluta tjónsins sjálfur, þar sem hann hafi sýnt af sér gáleysi með því að fá stefnda Baldri vörzlu bifreiðarinnar og lyklavöld og þar með aukið áhættu félagsins frá því, sem þá mátti ætla, er vátryggingin var tekin.

Stefndi Baldur styður sýknukröfu sína þeim rökum, að bótaskylda Vátryggingafélagsins h/f sé ugglaus. Hann hafi heimildarlaust tekið bifreiðina og ekið henni. Verknaður hans hafi því verið stuldur í merkingu 6. gr. vátryggingarskilmálanna.

Af því, sem hér að framan er rakið, þykir verða talið, að stefndi Baldur hafi eigi haft heimild til að nota bifreiðina og akstur hans á henni í umrætt sinn því algerlega heimildarlaus. Var sá verknaður hans refsiverður samkvæmt XXVII. kafla almennra hegningarlaga. Akstur hans með áfengisáhrifum var og refsiverður eftir 1. mgr. 25. gr. sbr. 3. mgr. 80 gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Stefndi Baldur ber því fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á því tjóni, er hann varð fyrir.

Eðlileg skýring á sögninni að stela í váttryggingarskírteini er, að ákvæðið taki einnig til nytjastuldar samkvæmt 259. gr. hegningarlaganna, sbr. lög nr. 20/1956. Samkvæmt því, sem að framan er rakið, voru not stefnda Baldurs á bifreiðinni heimildarlaus. Verður því að telja váttrygginguna taka til þess tjóns, er á bifreiðinni varð við ökuslysið.

Samkvæmt þessu framansögðu ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda tjón hans.

Stefndu hafa mótmælt því, að verðmæti bifreiðarinnar fyrir slysið hafi numið stefnufjárhæðinni. Hins vegar hafa þeir eigi mótmælt því sérstaklega, að bifreiðin hafi eyðilagzt svo við slysið, að ógerningur hafi verið að gera við hana. Kemur og fram í skýrslu lögreglumanns þess, er á slysstað kom og gerði athuganir, að bifreiðin hafi verið að sjá ónýt. Engin skoðun eða mat liggur fyrir um verðmæti bifreiðarinnar, hvorki fyrir slysið né eftir það. Möguleiki er nú eigi fyrir hendi til að gera sér grein fyrir verðmæti hennar að þessu leyti. Stefndi Váttryggingafélagið h/f gerði engar athugasemdir um verðmæti bifreiðarinnar við tryggingu, og þar sem engin gögn liggja fyrir um verðmæti hennar og ekkert það er fram komið, sem bendir til þess, að bifreiðin hafi verið yfirtryggð, ber að leggja tryggingarfjárhæðina til grundvallar dómi um verðmæti hennar fyrir slysið.

Í málinu liggur fyrir endurrit af afsali stefnanda fyrir flaki bifreiðarinnar, og er afritið staðfest að vera rétt af lögmanni þeim, sem þá sölu annaðist. Í afsali þessu, dags. 22. apríl 1963, segir, að söluverð sé kr. 6.000.00, en af því greiði kaupandi kr. 5.000.00 til Vöku h/f fyrir geymslukostnað. Stefndu hafa eigi mótmælt skjali þessu. Þykir því bera að leggja það til grundvallar dómi.

Af því, sem hér að framan er rakið, telst tjón stefnanda því kr. 84.000.00. Verða stefndu dæmdir til að greiða þá fjárhæð in solidum ásamt vöxtum, eins og krafizt er. Þykja eigi efni standa til að leggja hluta tjónsins á stefnanda.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 14.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Vátryggingafélagið h/f og Baldur Garðarsson, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, Jóhanni Karlssyni, kr. 84.000.00 með 7% ársvöxtum frá 13. júlí 1962 til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. marz 1966.

Nr. 34/1966. **Jón Ísfeld Guðmundsson**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Dómsmenn:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Kaup ríkisstarfsmanns í orlofi og veikindaforföllum.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem fengið hefur áfrýjunarleyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 57/1962, dags. 7. október 1965, og áfrýjunarleyfi samkvæmt 4. mgr. 20. gr. sömu laga, dags. 9. marz 1966, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. marz 1966. Gerir áfrýjandi þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 2.201.10 ásamt 8% ársvöxtum frá 12. nóvember 1964 til 1. janúar 1965, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 8% ársvöxtum frá þeim degi